

23. Auglýsing um, hvenær opið bréf handa Íslandi 11. desembr. 1869 um aðra skiptingu á lyfjavoginni skuli öðlast gildi, og um, að hin nýja lyfjaskrá skuli leidd inn á Íslandi (á Íslenzku og Dönsku).

1870.

5. marz.

Samkvæmt opnu bréfi handa Íslandi, 11. desembr. 1869¹⁾, um aðra skiptingu á lyfjavoginni, 2. gr., hefir hans hátign konunginum þóknast, eptir tillögum dómsmálastjórnarinnar, að samþykkjast, 2. p. m., að tæð opið bréf skuli öðlast gildi 1. janúarm. 1871, og að lyfjaskrá sú, sem gefin var út í Kaupmannahöfn árið 1868 og samþykkt af konungi 13. júlím. s. á. og heitir „*Pharmacopea danica, Regia auctoritate edita*“, skuli leidd inn á Íslandi frá sama tíma.

Fyrir því skal hið frakkneska grammkerfi frá ofangreindum tíma við haft, þá er lækna- og dýralækna- segja fyrir um læknisdóma, og þeir eru af hendi látnir í lyfjabúðunum til lækninga, og má ekki nota neinar aðrar lyfjavogir en þær, sem heyra undir þetta kerfi, þegar læknisfyrirsagnir eru afgreiddar.

Frá sama tíma eiga allar lyfjabúðir á Íslandi að hafa til alla þá læknisdóma, sem tilgreindir eru í ofan nefndri lyfjaskrá, og skal útvega, geyma og tilbúa læknisdóma þessa á þann hátt, sem fyrir er mælt í lyfjaskránni, og eiga þeir að standast þau próf, sem þar segir fyrir um.

Þetta birtist hér með öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni 5. dag marzmánaðar 1870.

C. Nutzhorn.

Fr. Reinhardt.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um máls rannsókn útaf svaramennsku við hjónaband.

8. marz.

Kirkju- og kennslustjórnin hefir sent hingað eptirrit af skjali nokkru, þar sem tveir bændur, hreppstjóri Kristján Kristjánsson

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 831.

1870.

8. marz.

á Hvítanesi í Ögurhrepp í Ísafjarðar-sýslu og Jón Þorsteinsson á Hesti í Súðavíkurhrepp í sömu sýslu ábyrgjast, að ekkert sé til fyrirstöðu hjónabandi Þórðar snikkara Magnússonar á Borg í Skötufirði og Guðríðar Haflíðadóttur.

Með því málavextir eru svo, að meinbugir hafa verið á hjónabandi þessu samkvæmt D. L. 3—16—8, sendir stjórnarráðið yður, herra amtmaður, fyrnefnt eptirrit, og mælist til að þér látið hefja rannsókn um þetta efni, og síðan eptir málavöxtum lögsókn gegn svaramönnum fyrir þetta athæfi þeirra.

9. marz.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um árpening handa dannebrogsmanni.

Orðustjórnin hefir tilkynnt dómsmálastjórninni, að hans hátign konunginum hafi allramildilegast þóknast, 28. f. m., að veita dannebrogsmanni og sáttasemjara, fyrrum hreppstjóra Eiríki Helgasyni í Kampholti í Arnessýslu, árpening úr orðusjóðnum, sem skuli borgast honum með 50 rd. á ári.

Um leið og þetta tilkynnist yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, skal því viðbætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum, að borga hlutadeiganda 25. rd. á hverju misseri úr jarðabókarsjóðnum, ef hann hefir verið á lífi þann dag, er þessi konungsráðgjafi var veittur.

12. marz.

26. Tilskipun fyrir Ísland, um uppreist á æru og fl. (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Útaf þegnlegri bænarskrá frá alþingi bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Með þeim skilmálum, sem hér á eptir segir, má veita þeim manni, sem hefir með dómi verið dæmdur sekur um eitthvert það verk, sem svírvörðlegt er að almennings álit, uppreist æru sinnar,